

REGLUGJÖRÐ

fyrir

námsskeið „Fisikfjelags Íslands“ í mótörvælfraði.

71
25. nóv.

Samkvæmt lögum nr. 50, 4. júní 1924, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirbæli:

1. gr.

Til þess að gefa fiskimönnum og öðrum, sem stunda atvinnu við vjelgæslu á mótorskipum eða á landi, kost á að kynnast útbúnaði mótörvjela, gæslu og viðhaldi, skulu árlega haldin námsskeið í mótörvælfraði í helstu kaup-túnum landsins. Stjórn Fisikfjelags Íslands ákveður, á hvaða stað námsskeiðin skulu haldin og hvenær þau eigi að byrja, og skal það anglyst á staðnum með 4 vikna fyrirvara.

Námsskeiðin skulu standa yfir í minst 8 vikur.

2. gr.

Til námsskeiðsprófs útheimtis:

- 1) Í íslensku: Að geta gert ljettan stíl um alment efni, skrifað sámilega og nokkurnveginn rjett.
- 2) Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum.
- 3) Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, hitamælum, dreifingu hita og áhrifum hans á fasta líkama og vökva, bræðslu, eldsneyti og olfum.
- 4) Í mótörvælfraði: Þekking á hinum algengustu mótörvjelum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótörvjela, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra galla á mótörvjelum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum þeirra, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótörvjela, hestafli þeirra og olfueyðslu.

3. gr.

Skilyrði fyrir inntöku á námsskeiðið:

- 1) Að umsækjandi sje fullra 18 ára.
- 2) Að hann hafi óflekkað mannorð.

71
25. n.ö.

4. gr.

Um prófið.

Prófið er bæði munnlegt, skriflegt og verklegt. Það skal haldið opinberlega af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður námsskeiðsins og tveir menn aðrir, er lögreglustjóri skipar til þess í hvert skifti.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin. Verkefnin til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, og dæmir um kunnáttu prófsveina, ásamt hinum skipuðu prófdómendum.

6. gr.

Hin skriflegu verkefni skulu lögð fram á prófnefndarfundum fyrir prófið. Sama verkefni fá allir þeir prófsveinar, sem á sama degi eru í sama úrlausnartíma. Á verkefnisseðlunum sje tekið fram, hve langur tími sje veittur til að svara. Frumrit verkefnisins skal undirritað af prófnefndinni.

Aðeins þann pappír, sem prófsveini er fenginn af prófdómendum eða eftirlitsmönnum, má nota, og skrifar prófsveinn efst á uppkasts- og hreinskriftarpappírinn nafn sitt og prófnúmer.

Án sjerstaks leyfis mega prófsveinar ekki hafa kenslubækur eða önnur slík hjálpartæki með sjer inn í prófstofuna.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sjer til eftirlitsmanna.

7. gr.

Munnlegu spurningarnar skulu tiltekna af hinum skipuðu prófdómendum í samráði við hlutaðeigandi kennara, og skrifaðar á seðla tveimur fleiri en prófsveinar eru.

Hver prófsveinn dregur sínar spurningar eftir röð.

8. gr.

Í bók, sem þar til verður útveguð, skal rita nöfn, fæðingardag, -stað og -ár þeirra lærisveina, sem undir prófið ganga. Í bókinni skal einnig geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra.

Prófbók þessi skal geymd hjá „Fiskifjelagi Íslands“.

9. gr.

Verklega prófið skal haldið við mótorvjel í skipi eða á landi, eftir ákvæðum prófnefndar. Skal þar prófa þekkingu prófsveinsins í að setja vjela af stað, skifta um gang hennar, í hirðingu og eftirliti þeirra, finna og útskýra gangtruflanir, sem gerðar eru af prófnefndinni.

Áður en verklega prófið byrjar, skal prófsveinninn hafa haft eigi minna **71**
en eina klukkustund til að kynna sjer mótorvjel þá, sem notuð er við prófið. **25. nóv**

10. gr.

Við prófið skulu gefnar 6 einkunnir, sbr. 11. gr., sem sje:

Í mótorvjelfræði 3 eink., fyrir 1 munnlega og 2 verklegar úrlausnir.

Í stærðfræði 1 eink., fyrir 1 munnlega úrlausn.

Í eðlisfræði 1 eink., fyrir 1 munnlega úrlausn.

Í íslenskum stíl 1 eink., fyrir 1 skriflega úrlausn.

11. gr.

Úrslit prófsins ákvarðast þannig:

Ágætlega = 7, ágætlega ÷ = 6, dável = 5, dável ÷ = 4, vel = 3,
vel ÷ = 2, laklega = 1, laklega ÷ = 0, illa = ÷ 1, illa ÷ = ÷ 3,
afarilla = ÷ 5.

Til að standast prófið þarf 18 stig. Hásta einkunn, sem gefin verður,
er 42 stig.

12. gr.

Hver prófsveinn, er staðist hefir prófið, fær að því afloknu vottorð,
sniðið eftir þessari fyrirmynd:

PRÓFSKÍRTEINI.


N. N.
fæddur
hefir staðist námskeiðspróf Fiskifjelags Íslands í mótorvjelfræði, og hlotið
þær einkunnir, er hjer segir:

Mótorvjelfræði 3 eink. 

Íslensku 1 — 

Stærðfræði 1 — 

Eðlisfræði 1 — 

Aðaleinkunn (6 eink.) 

19.....

Staður.

71
25. nóv.

Til að standast prófið, þarf í aðaleinkunn 18 stig.
Hæsta aðaleinkunn, sem gefin verður, er 42 stig.

13. gr.

Reglusemi.

- 1) Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kenslustundir byrja.
- 2) Tóbaksreykingar eru bannaðar í kenslustundum.
- 3) Lærisveinar mega ekki fara út í kenslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara.
- 4) Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kenslustund í 2 daga, skal tilkynna forstöðumanni námsskeiðsins það og færa ástæður fyrir.
- 5) Mæti prófsveinn ekki á rjettum tíma undir prófi, eða án leyfis fari úr þeim stað, sem honum var tilvísaður, má vísa honum burt frá prófi.
- 6) Í prófstofunni mega prófsveinar ekki tala saman.
- 7) Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, eða hjálpi öðrum, skal honum vísað frá prófi, og skal þá svo álitíð, sem hann hafi ekki staðist prófið.

14. gr.

Kenslustundir skulu vera 18 á viku: 9 í mótorvjelfræði, 3 í íslenzku, 3 í stærðfræði og 3 í eðlisfræði. Þessutan skulu vera 12 verklegar kenslustundir í mótorvjelfræði á viku.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1925 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. nóvember 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.